



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

EUROPEAN UNIVERSITY CONTINUING EDUCATION NETWORK

OBSERVAL

Leonardo da Vinci Networks

Evrópskur gagnabanki um mat á
óformlegu námi og raunfærni



Education and Culture

Leonardo da Vinci



OBSERVAL er evrópskt samstarfsverkefni sem hlotið hefur styrk frá Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Verkefninu er stýrt af EUCEN – *European University Continuing Education Network*. Samstarfsaðilar koma frá 24 Evrópulöndum og eru fulltrúar ólíkra skólastiga, svo sem háskóla, starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu.

Meginmarkmið **OBSERVAL** verkefnisins er að byggja upp gagnabanka um mat á óformlegu námi og raunfærni í Evrópu. Gagnabankinn verður aðgengilegur um internet á evrópskri athugunarstöð (e. *observatory*) um raunfærni og raunfærnimat. Gagnabankinn verður uppfærður reglulega.


Áhersla er lögð á að safna og veita aðgang að upplýsingum sem geta nýst sem flestum svo sem ráðamönnum stofnana og fyrirtækja, aðilum á vinnumarkaði, mannauðsstjórum og aðilum sem stýra raunfærnimati. Gögnin sem safna á saman eru sum hver trúnaðargögn eða hafa aldrei komið fyrir sjónir almennings. Verkefni meðlima **OBSERVAL** hópsins verður m.a. að búa þessi gögn þannig úr garði að þau verði skiljanleg flestum og að fólk geti notað þau til að bera saman við og betrubæta eigin gögn.

Uppbygging gagnabankans

Fjórar tegundir gagna verða aðgengilegar í gagnabankanum:

1. **Formleg skjöl og eyðublöð.** Þessi skjöl verða aðgengileg á móðurmáli upprunalands en þeim fylgja athugasemdir á ensku um innihald og inntak.
2. **Athugun eða reynslusögur** (e. *case study*) þar sem sagt er frá áhugaverðum verkefnum, sigrum og ósigrum við innleiðslu raunfærnimats.
3. **Ársskýrsla** eða samantekt á ensku um það helsta sem gerst hefur í mati á óformlegu námi og raunfærni í hverju landi fyrir sig á tólf mánaða tímabili.
4. **Ýmis konar efni** sem gefið hefur verið út og fjallar um mat á óformlegu námi og raunfærni. Þetta efni verður á móðurmáli upprunalands með útskýringum og samantekt á ensku.

Í hverju landi fyrir sig hefur verið skipaður verkefnisstjóri og fer Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með verkefnisstjórn á Íslandi. Hlutverk verkefnisstjóra er að koma á laggirnar teymi sem í eru aðilar frá ýmsum skólastigum, háskóla, starfsmenntun og fullorðinsfræðslu. Þessu teymi er ætlað að aðstoða verkefnisstjóra við að greina og safna saman skjölum og gögnum. Samsetning og stjórnun teymisins er á ábyrgð verkefnisstjóra sem skilar greinargerð um starfið til stýrihóps **OBSERVAL**. Stýrihópurinn metur öll gögn áður en þau eru vistuð í gagnabankanum.



Hlutverk bakhóps

- Vera ráðgefandi um það efni sem verður sent inn frá Íslandi.
- Miðla eigin efni og senda undirritaðri, svo sem leiðbeiningar, kynningar-bæklinga, sniðmát fyrir færnimöppu (ef slíkt er til), umsóknareyðublöð, glærur og kynningarefni, viðtöl og/eða svipmyndir af þátttakendum, lýsing á matsferli, lýsing á fundum matsnefndar o.fl., o.fl.

Kveðja, Guðfinna

Sími 5991408; tölvupóstfang: gudfinna@frae.is

Atburðir framundan

- Fundur í Svíþjóð í lok árs 2009, en það ár fer Svíþjóð með formennsku í ESB. Á þessum fundi verður fyrsta útgáfa gagnabankans kynnt og óskað eftir viðbrögðum hugsanlegra notenda.
- Seinni hluta árs 2010 verður haldin lokaráðstefna í Belgíu, en það ár fer Belgía með formennsku í ESB. Á ráðstefnunni verður lokaútgáfa gagnabankans kynnt fyrir evrópskum ráðmönnum í og aðilum sem hafa með fræðslumál að gera innan Evrópu. Markmiðið er að tryggja framtíð og sjálfbæri **OBSERVAL OBSERVATORY**.